

Veidigjald

(endurreikningur veidigjalds 2018)

631. mál, lagafrumvarp 

148. löggjafarþing 2017–2018.

Ég mótmæli þessari afturvirknu lækkun veidigjalda. Það er alls ekki ljóst hvaða markmiði hún á að þjóna, hún er illa rökstudd og virðist helst koma stórútgærdinni til góða.

Þá er því einnig mótmælt hversu seint tillagan er fram komin og að engir útreikningar um hvernig lækkunin skiptist milli útgerðarfyrirtækja fylgi tillögunni. Í tillögunni eru einungis illa rökstuddar staðhæfingar sem engin leið er að sannreyna vegna skorts á gögnum.

Í ríkisfjármálaætlun 2019-2024 kom skýrt fram að veidigjöld ársins 2018 myndu lækka um þrjá milljarða og þrjátíu fyrir ítarlegar spurningar til sjávarútvegsráðherra um ástæður lækkunarinnar og hvernig og með hvaða hætti hún yrði útfærð fengust engin svör.

Þann 12.4.2018 spurði ég sjávarútvegsráðherra á hvaða forsendum væri verið að lækka veidigjöldin um 3 milljarða á árinu 2018. Tilvitnun hefst:

„Herra forseti. Mér brá óneitanlega í brún þegar ég sá í þessari fjármálaáætlun að veidigjöldin 2018 lækka um 3 milljarða frá fjárlögum sem samþykkt voru í desember sl. Samkvæmt fjárlögum 2018 áttu veidigjöldin að skila 10 milljörðum til þjóðarinnar en í þessari fjármálaáætlun er gert ráð fyrir 7 milljörðum í ár. Skýringin sem gefin er í áætluninni er að núverandi lög um veidigjöld renni út í lok árs og að áætlanir séu um betri innheimtu í kjölfarið.

Ég tek undir að veidigjöldin eru meingölluð og er fylgjandi leigutekjum af tímabundnum aflaheimildum frekar en gjaldtöku af hagnaði sem býður upp á alls kyns bókhaldsbrellur, auk þess sem lóðrétt samþætting sjávarútvegsfyrirtækja býður upp á þann möguleika að stórútgæðir flytji út stóran hluta hagnaðarins.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Með hvaða hætti geta ósamin lög sem taka gildi árið 2019 lækkað veidigjöldin, sem falla til árið 2018, um 3 milljarða? Ef nýja löggjöfin er tilbúin vil ég að hæstv. ráðherra skýri okkur frá þessu nýja fyrirkomulagi. Eins vildi ég vita með hvaða lýðræðislega hætti vinna og undirbúningur að nýju löggjöfinni hefur verið.

Að lokum: Hvað hefur breyst á þessum þremur og hálfu mánuði síðan fjárlög voru samþykkt sem gerir það að verkum að veidigjöldin lækka um 3 milljarða? 3 milljarðar eru engir smápeningar. Það mætti fækka einbreiðum brúm á þjóðvegi eitt um tíu stykki fyrir þessa fjárhæð. Þjóðin á rétt á sanngjörnum arði af fiskveiðiauðlind sinni.“

Svarið frá ráðherra var á þessa leið, tilvitnun hefst:

„Í kjölfarið á framlagningu þingmálaskrár óskaði ég eftir því við veidigjaldsnefndina að hún yfirfæri álagningu veidigjalda, skoðaði kosti og galla við að færa álagninguna nær í tíma, gera hana einfaldari og gegnsærri. Jafnframt hefur legið fyrir að afkoma útgerðarinnar hefur snarversnað miðað við úttekt Deloitte, eins og ég gat um í fyrra svari. Talan í fjármálaáætluninni er áætlun. Það liggur ekki fyrir neitt frumvarp sem leiðir þessa niðurstöðu fram. Það kemur þá inn í þingið þegar þar að kemur. Ég boðaði á þingmálaskránni að fram kæmi frumvarp um þetta.“

Ég ítrekaði spurningu mín til ráðherra, tilvitnun hefst:

„Herra forseti. Mér fannst ég ekki fá skýr svör við því hvað hafi breyst á þessum þremur og hálfra mánuði. Ég held að allar áætlanir og spár og jafnvel greining á stöðu og afkomu greinarinnar í heild hafi legið fyrir í desember og ekki breyst það mikið á þessum þremur og hálfra mánuði að það skýri þessa miklu lækkun. Þess vegna gerði ég bara ráð fyrir að frumvarp væri í smíðum og jafnvel komin hugmynd um hvernig þessu fyrirkomulagi verður breytt. Ég er alveg sammála því að það er stór galli á veiðigjöldunum, eins og þau eru útfærð núna, að þau séu rukkuð aftur í tímann. Besta leiðin til að rukka í rauntíma og breyta þessu kerfi, eins og við breyttum staðgreiðslukerfi tekjuskatts á sínum tíma til að koma í veg fyrir sama vandamál, er hreinlega að leigja heimildirnar út og taka greiðsluna tímabundið fyrir fram af leigðum heimildum, hvort sem þær eru boðnar upp eða ekki. Ég bið aftur um svör við því hvað hafi breyst á þessum stutta tíma.“

Og ráðherra svaraði:

„Ég reikna með því að frumvarp sem kemur fram um veiðigjöldin verði unnið með svipuðum hætti og önnur frumvörp. Þau eru oftast nær unnin í ráðuneytunum, stundum koma nefndir þingsins fram með frumvörp o.s.frv., og síðan fara þau í opið og gegnsætt umsagnarferli sem er síðan unnið með í þinginu. Ég geri einfaldlega ráð fyrir því að sambærilegt verklag yrði haft við frumvarp sem kæmi fram til leiðréttingar á hvort heldur er veiðigjaldi, endurreikningi, breytingu á lögum um stjórn fiskveiða eða hvaðeina. Þetta er hátturinn. Þetta er venjulega boðað í þingmálaskránni þegar ríkisstjórnin leggur hana fram að hausti og svo er hún endurskoðuð í janúar. Það sem hefur breyst sérstaklega varðandi umræðuna um veiðigjaldið og fjárhæð þess er sú staðreynd sem liggur fyrir, að afkoman í þessari atvinnugrein hefur versnað andstætt óskum okkar, ekki ár frá ári heldur sjáum við þess stað þegar í dag. Við fáum sömuleiðis fyllri upplýsingar um „réttmæti“ þeirrar gjaldtöku sem nú liggur fyrir og byggir á afkomu og tekjum þessarar atvinnugreinar á árinu 2015 að stærstum hluta. Ég gat um það í mínu fyrra svari að úttekt Deloitte leiddi fram ákveðnar stærðir í þeim efnum. Þetta verður alltaf erfitt.“

Sem sé, engin svör. Þessi úttekt Deloitte hefur lengi legið fyrir. Lækkunin sem nú er lögð fyrir í krónutölum á aflatagund með persónuafslátti eftir aflamagni er meingölluð og útfærslan í engu samhengi við úttekt Deloitte. Það hefði mátt fara margar betri leiðir. Mér sýnist í fljótu bragði (af því ekki er nú gefinn mikill tími til yfirferðar á þessu) að upp. 70% lækkunarinnar renni til stórútgerða.

Þá er engan veginn skýrt með frumvarpinu hvert markmiðið er með þessari afturvirknu lækkun veiðigjalda er.

1. Er markmiðið að aðstoða allar útgerðir í erfiðu árferði núna við að borga veiðigjöld fyrir 2015 þar sem afkoma var mun betri?
2. Er markmiðið að aðstoða sérstaklega minni og meðalstórar útgerðir í ljósi slægrar afkomu?
3. Er markmiðið að styrkja enn frekar stórútgerðir þessa lands?
4. Er markmiðið að reyna að plástra upp í meingallað kvótakerfi og koma í veg fyrir enn meiri samþjöppun?

Frumvarpið, eins og það stendur núna, uppfyllir einungis markmið 3. Markmið 2 og 4 eru engan veginn uppfyllt en markmið 1 er uppfyllt að hluta. Þetta er grátlegt því stórútgerðin hefur alla burði til að safna í sjóði þegar vel árar til að greiða veiðigjöldin þegar illa árar. Það eru því minni og meðalstórar útgerðir sem þurfa aðstoð og leiðréttingu frekar en stórútgerðin. Það verður einnig að gera ráð fyrir því að þvílíkum aðgerðum verði ekki beitt þegar dæmið snýst við, þ.e. veiðigjöld verða

ekki hækkuð afturvirkir þegar það er ljóst að útgerðin er að greiða fyrir slakt ár á afburðagóðu afkomuári. Þess meiri er ósanngirnir.

Það er þyngra en tárur taki að það sé sjálfsagt að greiða ríkisstyrki til stórútgæða þegar afkoma er ekki sem best en að styrkirnir séu ekki teknir til baka þegar um afburðagóða afkomu er að ræða.

Virðingarfyllt,

Álfheiður Eymarsdóttir
varaþingmaður Pírata í Suðurkjördæmi.